

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. október 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. október 1976:

Spærlingsmjöl, § 6.10 á próteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl, § 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verði 5%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, § 1 = 184.40.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. ágúst 1976.

F. h. r.

Dórður Ásgeirsson.

Guðjón Smári Agnarsson.

REGLUGERÐ

um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómariinn, yfirborgardómariinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík skulu hljóta laun vegna innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Skulu innheimtulaun greidd vegna innheimtu ríkissjóðstekna. Þó skulu ekki greidd laun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu aðflutningsgjalda, bensíngjalds, gúmmígjalds, gjalds skv. l. nr. 6/1976 eða innflutningsgjalds af bifreiðum og bifhjólum.

Þá skulu og greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu gjalda er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta skv. embættisskyldu fyrir aðra aðila en ríkissjóð sbr. þó 11. gr. l. nr. 57/1949.

2. gr.

Laun innheimtumanna skulu reiknuð sérstaklega fyrir hvern eftirtalinna flokka innheimtra gjalda.

- a) Tekju- og eignarskatt
- b) Söluskatt
- c) Aðrar ríkissjóðstekjur, sbr. þó 2. málslíð 2. mgr. 1. gr.
- d) Gjöld, er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta fyrir aðra aðila.